

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Nikkelsvæði/Borgabraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Íbúðarsvæði við Efstaleiti stækkar til vesturs og suðurs.
- Íbúðar- og iðnaðarsvæði ofan Móahverfis breytist í útivistar- og opið svæði.
- Iðnaðarsvæði við Grænás fellur út.
- Stofnanasvæði merkt S5 og S6 ofan Kjarrmóa og sunnan Flugvallarveggar falla út.
- Opið svæði til sérstakra nota merkt U1 breytist í íbúðarsvæði.
- Verslunar- og þjónustusvæði suðvestan Flugvallarveggar fellur út.
- Lega varnarlínu breytist.
- Svæði U3 og U8 sunnan og vestan Samkaupa breytist í blandaða landnotkun verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæða.
- Lega Flugvallarveggar/Borgabrautar breytist.
- Vegtenging frá Grænási og að Hjallavegi fellur út.
- Vegtenging frá Reykjanesbraut og að Njarðarbraut verður í Grænásbrekku.
- Vegtenging frá Njarðarbraut að Flugvallarvegi breytist.
- Vegtenging Smiðjuvalla að Flugvallarvegi breytist.
- Göngu-, hjóleiða- og reiðstígar ofan byggðar breytast.
- Þjónustusvæði vestan fjölnota íþróttahúss minnkar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.